

# HÖNNUN SAMGÖNGUMANNVIRKJA



## UMFERÐARMANNVIRKI - HÖNNUN OG RÁÐGJÖF

Verkís veitir fjölbætta þjónustu og ráðgjöf á sviði umferðarmannvirkja, m.a. við undirbúning og hönnun vega, gönguleiða, brúa og undirganga, auk gerðar útboðsgagna og eftirlits með framkvæmdum.

## UNDIRBÚNINGUR FRAMKVÆMDA

Við undirbúning samgönguframkvæmda er mikilvægt að fyrir liggi áætlanir og frumdrög sem lýsi fyrirhugaðri framkvæmd. Frekari undirbúningur felst síðan m.a. í samræmingu við skipulagsáætlanir, mati á áhrifum framkvæmda og áætlana á hljóðvist og fleiri umhverfisþætti, arðsemis- og áhrifamats á samgönguvalkostum auk umferðaröryggismats.

## HÖNNUN VEGA OG GATNA

Verkís hefur áratuga reynslu af hönnun gatna og vegamóta m.a. fyrir sveitarfélög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Slík verkefni hafa verið af öllum stærðargráðum, allt frá hönnun stakra vegamóta til heilla gatnakerfa ásamt holræsum og öðrum veitulögnum. Oftar en ekki hefur slík hönnun einnig innifalið gerð útboðsteikninga og útboðsgagna, ásamt gerð kostnaðaráætlana, mæli- og lóðarblaða.

## BRÝR OG UNDIRGÖNG

Með auknu þéttbýli og endurbótum á þjóðvegum landsins hafa verkefni í flokki umferðarmannvirkja í auknum mæli náð til hönnunar mislægra gatnamóta, brúa og undirganga. Sérfræðingar Verkís hafa ennfremur reynslu af hönnun vegganga, bæði hérlendis og erlendis.

## GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐLEIÐIR

Við hönnun samgöngukerfa er mikilvægt að lögð sé áhersla á öryggi og þægindi mýkri ferðamáta til jafns við akandi vegfarendur. Verkís hefur mikla reynslu af hönnun brauta, stíga og þverana fyrir gangandi vegfarendur, umferð hjólandi fólks og reiðmanna.

## UMFERÐARMERKINGAR OG GATNALÝSING

Hönnun götulýsingar er mikilvægur þáttur í hönnun nýframkvæmda og eins þegar gera þarf endurbætur á lýsingu eldri gatna. Umferðarmerkingar sinna lögboðnu hlutverki við umferðarstýringu og er vönduð staðsetning þeirra mikilvæg til að lágmarka slyshættu en einnig má nota umferðarmerki til að bæta umferðarmenningu með markvissri notkun þeirra þar sem það á við.

## MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Ný og breytt samgöngumannvirki hafa oft talsverðar breytingar á nærliggjandi umferð í för með sér og því eru mótvægisáðgerðir oft nauðsynlegar samhliða framkvæmdum. Dæmi um slíkar áðgerðir eru t.d. hraðatakmarkandi áðgerðir, hljóðveggir og hljóðmanir.

## REKSTUR OG VIÐHALD

Þjónustulýsingar og viðhaldsáætlanir fyrir hvers konar samgöngumannvirki, meðal annars skipulag og útboð vetrarþjónustu, gatnalýsingar og viðhaldsáætlanir mannvirkja nýtast rekstraraðilum við markvissari stjórnun rekstrar- og viðhaldskostnaðar. Faglega útfærðar lausnir auðvelda rekstraraðilum og réttar viðhaldsaðgerðir lengja líftíma mannvirkja.

## UNDIRBÚNINGUR FRAMKVÆMDA

- Frumdrög og frumáætlanir
- Samræming við skipulagsáætlanir
- Mat á umhverfisáhrifum
- Arðsemismat
- Áhrifamat

## HÖNNUN SAMGÖNGU-MANNVIRKJA

- Útboð og útboðsgögn
- Vegir og götur
- Gatnamót, mislæg og í plani
- Brýr og undirgöng
- Göngustígar
- Hjólræðastígar
- Reiðstígar
- Gatnalýsing
- Skilti og merkingar
- Holræsi og veitur
- Hljóðveggir og hljóðmanir
- Hraðatakmarkandi áðgerðir

## REKSTUR OG VIÐHALD

- Vetrarþjónusta
- Gatnalýsing
- Ýmis rekstur
- Viðhaldsáætlanir

